



**LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA**

Alþingi
Erindi nr. P 139/832
komudagur 8.12.2010

Alþingi
Nefndasvið
Viðskiptanefnd
150 Reykjavík


Reykjavík, 7. desember 2010

Með tölvubréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 25. nóvember 2010, til Landssamtaka lífeyrissjóða fengu samtökin til umsagnar frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Landssamtök lífeyrissjóða telja til bóta að hafa reglur um þær tryggingar sem hér um ræðir skýrar. Í því sambandi er m.a. bent á ákvæði um tryggingu innstæðna sem ávaxtaðar eru á bundnum innlánsreikningum, í sumum tilvikum safnreikningum hjá vörsluaðilum lífeyrissparnaðar, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Meðal annars er vísað til þess sem fram kemur í skýringum við 1. mgr. 12. gr. Þar kemur fram að réttshafi í innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar teljist innstæðueigandi samkvæmt greininni. Það þyki sanngjarnt að þeir sem hafa safnað séreignarlífeyrissparnaði samkvæmt lögum þar um og eiga hlutdeild í safnreikningum hjá innlánsstofnun sem eingöngu fjárfesti lífeyrissparnað í bundnum innlánnum njóti verndar tryggingarsjóðs á sama hátt og þeir viðskiptavinir sem safnað hafa séreignarsparnaði á sambærilegan reikning á eigin nafni. Með tillögu frumvarpsins er tekinn af allur vafi um að form reikningsins eigi ekki að ráða úrslitum um tryggingavernd viðkomandi innstæðueiganda, svo framarlega sem í báðum tilvikum sé um að ræða söfnun á bundinn innlánsreikning samkvæmt fjárfestingarstefnu vörsluaðila.

Í 5. mgr. 12. gr. er mælt fyrir um að endurkröfur tryggingasjóðsins njóti forgangs umfram almennar kröfur við slitameðferð innlánsstofnunar, sbr. 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Miðað er við að tryggingakerfi það sem hér um ræðir nái ekki til peningamarkaðsinnlána og þau teljist ekki til forgangskrafna og standi því aftar en innlán í kröfuröð við gjaldþrot banka. Sama gildi einnig um kröfur á grundvelli almennra skuldabréfa. Af sjálfu leiðir að slíkt fyrirkomulag, að tryggja ákveðnum flokki krafna forgang umfram aðra með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, mun að öðru óbreyttu hafa áhrif á mat fjárfesta eins og lífeyrissjóða á peningamarkaðsinnlánnum og útgáfu innlánsstofnana á almennum óveðtryggðum skuldabréfum. Slíkar fjármögnunarleiðir getur því að öðru jöfnu orðið kostnaðarsamari og/eða torsóttari leið til fjármögnunar fyrir innlánsstofnanir og að að öðru jöfnu kostnaðarsamari en ella.

Virðingarfyllst,


Hrafn Magnússon,
framkvæmdastjóri